

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir
varðandi Sýrland, nr. 456/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 1.47. Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1096 frá 27. maí 2025 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi, sbr. fylgiskjal 1.47.
- 2.55. Reglugerð ráðsins (ESB) 2025/1098 frá 27. maí 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 36/2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi, sbr. fylgiskjal 2.55.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frýstingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 25. nóvember 2025.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.47.

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/1096
frá 27. maí 2025
um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. maí 2013 samþykkti ráðið ákvörðun 2013/255/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Hinn 27. maí 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/1510⁽²⁾ um framlengingu þvingunaraðgerðanna, sem settar eru fram í ákvörðun 2013/255/SSUÖ, til 1. júní 2025.
- 3) Í kjölfar falls stjórnar al-Assad forseta í Sýrlandi, hinn 24. febrúar 2025, slakaði ráðið á fjölda þvingunaraðgerða Sambandsins í ljósi ástandsins í Sýrlandi í því skyni að greiða fyrir samskiptum við landið, þjóðina og fyrirtæki á sviði orku, flutninga og enduruppbyggingar, ásamt því að greiða fyrir tengdum fjármála- og bankaviðskiptum.
- 4) Sama dag gaf ráðið út yfirlýsingu þess efnis að viðhalda ætti skráningum tengdum stjórn al-Assad forseta, efnavopnageiranum og viðskiptum með ólögmaet fíkniefni. Ráðið lýsti því einnig yfir að það muni halda áfram að skoða hvort tímabundnu niðurfellingarnar séu enn viðeigandi á grundvelli náins eftirlits með ástandinu í landinu og það muni taka til athugunar skref Sýrlands til umbreytingar fyrir alla í samræmi við yfirlýsingar bráðabirgðastjórnvalda, þ.m.t. ábyrgð á glæpum stjórnar al-Assad forseta, virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi allra Sýrlendinga án aðgreiningar af nokkru tagi, og fyrir réttarríkinu og þjóðarétti. Ráðið kallaði eftir því að bundinn yrði endi á afskipti erlendra aðila sem grafa undan stöðugleika landsins og minnti á virðingu fyrir fullveldisrétti, landamærahelgi og einingu Sýrlands.
- 5) Hinn 20. mars 2025 lagði leiðtogaráðið áherslu á mikilvægi friðsamlegrar umbreytingar fyrir alla í Sýrlandi, sem er laus við skaðleg, erlend afskipti, og vernd réttinda Sýrlendinga af öllum þjóðernislegum og trúarlegum uppruna, án mismununar. Leiðtogaráðið lagði einnig áherslu á að einkum væri alhliða umbreyting á réttarkerfinu nauðsynleg á leið til sátta. Leiðtogaráðið lýsti því yfir að tímabundin niðurfelling Sambandsins á þvingunaraðgerðum væri liður í stigvaxandi, afturkræfri nálgun á grundvelli þess að fylgst sé náið með ástandinu í Sýrlandi.
- 6) Hinn 20. maí 2025 tilkynnti ráðið um þá pólitísku ákvörðun sína að aflétta efnahagslegum refsiaðgerðum sínum gagnvart Sýrlandi, til að styðja sýrlensku þjóðina við að sameina og endurbyggja nýtt Sýrland inngildingar, fjölhyggju og friðsemdar, laust við skaðleg, erlend afskipti.
- 7) Á grundvelli þessa telur ráðið að afnema ætti allar atvinnutengdar þvingunaraðgerðir, að undanskildum þeim sem byggja á öryggisástæðum.
- 8) Þrátt fyrir fall stjórnar al-Assad forseta og tilkomu bráðabirgðastjórnarinnar er ástandið í Sýrlandi enn óstöðugt og net al-Assad forseta, sem er útbreitt bæði innan og utan Sýrlands, hefur enn ekki verið dregið til ábyrgðar og getur ekki talist uppleyst. Enn er fyrir hendi trúverðug hætta á óstöðugleika og mögulegri endurvakningu áhrifa fyrri stjórnar, sem atvik til stuðnings stjórnar al-Assad forseta, sem miða að því að grafa undan umbreytingarferlinu og leitt hafa til mannskæðs ofbeldis á strandsvæði Sýrlands, sýna. Einstaklingar og rekstrareiningar á skrá, sem tengjast stjórn al-Assad forseta gegna áfram áhrifamiklum hlutverkum og hætta er á að þau styðji, með fjármögnun eða öðrum hætti, frekari vopnuð átök og geti átt sinn þátt í tilraunum til að snúa umbreytingunum við. Hinn 11. mars 2025 lýsti æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, fyrir hönd Sambandsins, þungum áhyggjum af viðtæku ofbeldi á strandsvæði Sýrlands og fordæmdi harðlega árásir liðsmanna hersveita sem styðja al-Assad forseta á öryggissveitir og hryllilega glæpi gegn almennum borgurum, þ.m.t. skyndiaftökur, og lagði í þessu tilliti áherslu á að grípa yrði til skilvirkra aðgerða til að koma í veg fyrir að slíkir glæpir væru endurteknir.
- 9) Enn á eftir að draga fjölskyldumeðlimi al-Assad og Makhloufs og einstaklinga þeim tengda til ábyrgðar fyrir þátttöku þeirra í grimmilegri bælingu gegn óbreyttum borgurum í Sýrlandi og hætta er á að þeir reyni að ýta undir átök og koma í veg fyrir friðsamlegar umbreytingar í Sýrlandi.

- 10) Þeir ráðherrar í ríkisstjórn Sýrlands sem voru við völd eftir maí 2011 undir fyrrverandi stjórn al-Assad forseta skulu teljast bera óskipta ábyrgð á bælingarstefnu fyrrverandi stjórnar al-Assad forseta og stefna friðsamlegum umbreytingum í Sýrlandi áfram í hættu.
- 11) Hersveitir, vopnaðir hópar, öryggissveitir og leyniþjónustustofnanir sem tengjast fyrrverandi stjórn al-Assad forseta og eru hliðhollar fyrrverandi stjórn, skapa hættu á frekari stigmögnun og bælingu gagnvart óbreyttum borgurum í Sýrlandi.
- 12) Talið er að efnavopn sé enn að finna á fleiri en 100 svæðum í Sýrlandi eftir fall stjórnar al-Assad forseta, sem er mun hærri tala en nokkru sinni var viðurkennd fyrir fall stjórnarinnar. Eyðilegging eftirstandandi efnavopnabirgða Sýrlands er enn forgangsverkefni til að tryggja vernd sýrlensku þjóðarinnar, eins og lýst er í niðurstöðu fundar leiðtogaráðsins frá 19. desember 2024.
- 13) Leiðandi kaupsýslumenn í Sýrlandi, sem tengjast stjórn al-Assad forseta og hafa safnað verulegum auði og völdum sökum þessara tengsla, hafa enn áhrif og tengslanet þeirra eru enn til staðar. Vegna þessa fylgir þessum einstaklingum sjálfkrafa hættu á ofbeldisfullri bælingu borgaralegs samfélags og hættu gegn friðsamlegum umbreytingum í Sýrlandi.
- 14) Á grundvelli endurskoðunar á ákvörðun 2013/255/SSUÖ ætti að framlengja þvingunaraðgerðirnar, sem þar eru settar fram, til 1. júní 2026.
- 15) Því ætti að breyta ákvörðun 2013/255/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun 2013/255/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. og 2. mgr. 27. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að einstaklingar sem eru ábyrgir fyrir harkalegum bælingaraðgerðum gagnvart óbreyttum borgurum í Sýrlandi, einstaklingar sem njóta góðs af eða styðja fyrrverandi stjórn al-Assad forseta og einstaklingar sem þeim tengjast, sbr. skrá í I. viðauka, komi inn á eða fari um yfirráðasvæði þeirra.

2. Í samræmi við mat og ákvarðanir ráðsins með tilliti til ástandsins í Sýrlandi, eins og sett er fram í 5.–12. forsendu ákvörðunar ráðsins (SSUÖ) 2015/1836⁽³⁾ og 8.–13. forsendu ákvörðunar ráðsins (SSUÖ) 2025/1096⁽⁴⁾, skulu aðildarríki einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari:

 - a) leiðandi kaupsýslumenn í Sýrlandi sem tengjast fyrrverandi stjórn al-Assad forseta,
 - b) meðlimir í fjölskyldum al-Assad eða Makhlof,
 - c) ráðherrar í ríkisstjórn Sýrlands, við völd á tímabilinu maí 2011 til desember 2024,
 - d) meðlimir í sýrlenska stjórnarhernum í stöðu ofursta og sambærilegri eða æðri stöðu á tímabilinu maí 2011 til desember 2024,
 - e) meðlimir í öryggis- og leyniþjónustum Sýrlands á tímabilinu maí 2011 til desember 2024,
 - f) meðlimir í hersveitum óbreyttra borgara sem störfuðu með stjórn al-Assad forseta eða
 - g) aðilar sem starfa að útbreiðslu efnavopna, og aðilar sem þeim tengjast, sbr. skrá í I. viðauka.“
- 2) Ákvæðum 28. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð, sem tilheyra eða eru í eigu, í vörslu eða lúta yfirráðum aðila sem eru ábyrgir fyrir harkalegum bælingaraðgerðum gagnvart almenningi í Sýrlandi, aðila og rekstrar-eininga sem hafa notið góðs af eða styðja fyrrverandi stjórn al-Assad forseta og aðila og rekstrareininga sem þeim tengjast, sem eru á skrá í I. viðauka.

2. Í samræmi við mat og ákvarðanir ráðsins með tilliti til ástandsins í Sýrlandi, eins og sett er fram í 5.–12. forsendu ákvörðunar ráðsins (SSUÖ) 2015/1836 og 8.–13. forsendu ákvörðunar (SSUÖ) 2025/1096, skal frysta alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra eða eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn:

 - a) leiðandi kaupsýslumanna í Sýrlandi sem tengjast fyrrverandi stjórn al-Assad forseta,
 - b) meðlima í fjölskyldum al-Assad eða Makhlof,

- c) ráðherra í ríkisstjórn Sýrlands, við völd á tímabilinu maí 2011 til desember 2024,
- d) meðlima í sýrlenska stjórnarhernum í stöðu ofursta og sambærilegri eða æðri stöðu á tímabilinu maí 2011 til desember 2024,
- e) meðlima í öryggis- og leynipjónustum Sýrlands á tímabilinu maí 2011 til desember 2024,
- f) meðlima í hersveitum óbreyttra borgara sem störfuðu með stjórn al-Assad forseta eða
- g) aðila að rekstrareiningum, einingum, embættum, stofnunum eða skipulagseiningum sem starfa að útbreiðslu efnavopna,

og aðila og rekstrareininga sem þeim tengjast, sbr. skrá í I. viðauka.“

- b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur einstaklingum, lögaðilum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í I. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti, eða koma þeim til góða.

- c) Í stað a-liðar 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra aðila sem eru á skrá í I. viðauka og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknismeðferðar, skattheimtu, váttryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda.“

- d) Í stað h-liðar 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„h) ætlaður til greiðslna, af hálfu stofnana í eigu sýrlenska ríkisins, sbr. skrá í I. viðauka, fyrir hönd Sýrlenska arabalýðveldisins til Efnavopnastofnunarinnar vegna starfsemi sem tengist eftirlitsnefnd Efnavopnastofnunarinnar og eyðingu sýrlenskra efnavopna, og einkum til sérstaks vörslusjóðs Efnavopnastofnunarinnar (OPCW Special Trust Fund) fyrir Sýrland vegna starfsemi sem tengist algjörrri eyðingu sýrlenskra efnavopna utan yfirráðasvæðis Sýrlenska arabalýðveldisins.“

- e) Í stað a-liðar 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag ákvörðunar gerðardóms, sem fyrir liggur fyrir þann dag þegar viðkomandi aðili eða rekstrareining, er um getur í 1. eða 2. mgr., var færð á skrá í I. viðauka, eða andlag ákvörðunar dómstóls eða stjórnvalds innan Sambandsins eða ákvörðunar dómstóls sem er aðfararhæf í viðkomandi aðildarríki fyrir eða eftir þann dag.“

- f) Í stað c-liðar 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) að ákvörðunin sé ekki í þágu aðila eða rekstrareiningar sem er á skrá í I. viðauka og“.

- g) Ákvæði 9. mgr. falla brott.

- h) Í stað 13. mgr. kemur eftirfarandi:

„13. Ákvæði 1., 2. og 5. mgr. gilda ekki um millifærslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs af hálfu aðila á fjármálamarkaði sem er á skrá í I. viðauka, eða í gegnum hann, þegar millifærslan tengist greiðslu aðila eða rekstrareiningar, sem ekki er á skrá í I. viðauka, í tengslum við að veita fjárhagsaðstoð til handa sýrlenskum ríkisborgurum, sem eru að afla sér menntunar eða starfsþjálfunar eða fást við rannsóknir á háskólastigi í Evrópusambandinu, að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki hafi gengið úr skugga um, í hverju tilviki fyrir sig, að aðili eða rekstrareining, sem um getur í 1. eða 2. mgr. veiti henni ekki viðtöku með beinum eða óbeinum hætti.“

- i) Ákvæði 15. mgr. falla brott.

- j) Ákvæði 16. mgr. falla brott.

- 3) Ákvæðum 28. gr. a er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Bannið sem er sett fram í 5. mgr. 28. gr. skal ekki gilda um fjármuni eða efnahagslegan auð, sem er gerður aðgengilegur einstaklingum eða lögaðilum og rekstrareiningum á skrá í I. viðauka, af hálfu opinberra aðila, lögaðila eða rekstrareininga, sem fá opinbera fjármögnun til að veita mannúðaraðstoð í Sýrlandi eða aðstoða almenna borgara í Sýrlandi, að því tilskildu að slíkir fjármunir eða efnahagslegur auður sé notaður til kaupa eða flutnings á jarðolíuafurðum eða til tengdrar fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar eingöngu í þeim tilgangi að veita mannúðaraðstoð í Sýrlandi eða til að styðja almenna borgara í Sýrlandi.“

- b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Bannið í 5. mgr. 28. gr. skal ekki gilda um fjármuni eða efnahagslegan auð sem sendiráð eða ræðis-skrifstofur gera aðgengilegan einstaklingum, lögaðilum eða rekstrareiningum, sem eru á skrá í I. viðauka.“

c) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„7. Þrátt fyrir 1., 2. og 5. mgr. 28. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur þeim rekstrareiningum sem skráðar eru númer 42 og 43 undir „B-þáttur. Rekstrareiningar“ í I. viðauka, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að þessir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur fyrir samstarf þessara rekstrareininga og rekstrareiningar eða stofnunar aðildarríkis á sviði endurreisnar, uppbyggingar á getu, hryðjuverkavarna og fólksflutninga.

8. Ef ekki liggur fyrir neikvæð ákvörðun, beiðni um upplýsingar eða tilkynning um viðbótartíma frá viðkomandi lögbæru stjórnvaldi innan fimm virkra daga frá viðtökudegi beiðni um heimild skv. 7. mgr. skal líta svo á að heimildin hafi verið veitt.

9. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 7. mgr. innan fjögurra vikna frá því að hún er veitt.“

4) Í stað 29. gr. kemur eftirfarandi:

„29. gr.

Tilgreindum aðilum eða rekstrareiningum, sem eru á skrá í I. viðauka, eða öðrum aðilum eða rekstrareiningum í Sýrlandi, m.a. ríkisstjórn Sýrlands, opinberum stofnunum, fyrirtækjum og skrifstofum eða öðrum aðilum eða rekstrareiningum, sem gera kröfur á vegum eða í þágu fyrrnefndra aðila eða rekstrareininga, skal óheimilt að gera nokkrar kröfur, þ.m.t. kröfur um bætur, skaðleysisgreiðslur eða aðrar kröfur af því tagi, t.d. kröfu um jöfnun, sektir eða kröfu samkvæmt tryggingu, kröfur um framlengingu eða greiðslu skuldabréfs, fjárhagslegrar tryggingar, þ.m.t. kröfur sem stofnast vegna kreditbréfa og sambærilegra gerninga í tengslum við samninga eða viðskipti sem hvað framkvæmd varðar urðu fyrir áhrifum, beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta til, vegna ráðstafana sem ákvörðun þessi tekur til.“

5) Í stað 1. mgr. 30. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Ráðið skal, að fenginni tillögu frá aðildarríki eða æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, stofna skrána í I. viðauka og gera breytingar á henni.“

6) Í stað 31. gr. kemur eftirfarandi:

„31. gr.

1. Í I. viðauka skulu koma fram ástæður þess að viðkomandi aðilar og rekstrareiningar eru færð á skrá.

2. Í I. viðauka skulu einnig koma fram nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi aðila eða rekstrareiningar. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, ríkisfang, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er rekstrareiningar varðar geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.“

7) Í stað 34. gr. kemur eftirfarandi:

„34. gr.

1. Ákvörðun þessi gildir til 1. júní 2026. Hún skal vera til stöðugrar endurskoðunar. Heimilt er að framlengja hana eða breyta henni, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð. Undantekningarnar sem um getur í 1.–4. mgr. 28. gr. a að því er varðar 1., 2. og 5. mgr. 28. gr. skal endurskoða með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti, eða að brýnni beiðni aðildarríkis, æðsta fulltrúans eða framkvæmdastjórnarinnar í kjölfar grundvallarbreytingar á aðstæðum.

2. Ráðið undirstrikar mikilvægi þess að koma í veg fyrir að brotið sé á fullveldisréttindum aðildarríkja innan hafsvæða þeirra í samræmi við hafrétt. Öll slík brot skulu, að beiðni aðildarríkis, þegar í stað koma af stað umræðu um breytingar á þvingunaraðgerðum, í tengslum við stöðuga endurskoðun þvingunaraðgerðanna.“

8) Ákvæði 5. gr., 6. gr., 7. gr., 7. gr. a, 8. gr., 9. gr., 10. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 14. gr., 15. gr., 16. gr., 17. gr., 18. gr., 19. gr., 20. gr., 21. gr., 22. gr., 23. gr., 24. gr., 25. gr., 26. gr. og 28. gr. b falla brott.

9) Ákvæði II. viðauka falla brott.

10) Ákvæði III. viðauka falla brott.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 27. maí 2025.

*Fyrir hönd ráðsins,
forseti.*

A. SZLAPKA

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2013/255/SSUÖ frá 31. maí 2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtið. ESB L 147, 1.6.2013, bls. 14, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2013/255/oj>).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1510 frá 27. maí 2024 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtið. ESB L, 2024/1510, 28.5.2024, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2024/1510/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1836 frá 12. október 2015 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi (Stjtið. ESB L 266, 13.10.2015, bls. 75, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2015/1836/oj>).

⁽⁴⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1096 frá 27. maí 2025 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtið. ESB L, 2025/1096, 28.5.2025, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2025/1096/oj>).

Fylgiskjal 2.55.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/1098**

frá 27. maí 2025

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 36/2012
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1096 frá 27. maí 2025 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 18. janúar 2012 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 36/2012⁽²⁾ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi og 31. maí 2013 samþykkti ráðið ákvörðun 2013/255/SSUÖ⁽³⁾ í kjölfar samþykktar ályktana ráðsins þar sem ráðið fordæmdi ofbeldi og víðtæk og kerfisbundin gróf mannréttindabrot í Sýrlandi.
- 2) Hinn 27. maí 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/1510⁽⁴⁾, um framlengingu þvingunaraðgerðanna sem settar eru fram í ákvörðun 2013/255/SSUÖ, til 1. júní 2025.
- 3) Í kjölfar falls stjórnar al-Assad forseta í Sýrlandi, hinn 24. febrúar 2025, slakaði ráðið á fjölda þvingunaraðgerða Sambandsins í ljósi ástandsins í Sýrlandi í því skyni að greiða fyrir samskiptum við landið, þjóðina og fyrirtæki á sviði orku, flutninga og enduruppbyggingar, ásamt því að greiða fyrir tengdum fjármála- og bankaviðskiptum. Sama dag gaf ráðið út yfirlýsingu þess efnis að viðhalda ætti skráningum tengdum stjórn al-Assad forseta, efnavopnageiranum og viðskiptum með ólögmaet fíkniefni.
- 4) Hinn 20. maí 2025 tilkynnti ráðið um þá pólitísku ákvörðun sína að aflétta efnahagslegum refsiaðgerðum sínum gagnvart Sýrlandi, til að styðja sýrlensku þjóðina við að sameina og endurbyggja nýtt Sýrland inngildingar, fjölhyggju og friðsemdar, laust við skaðleg, erlend afskipti.
- 5) Á grundvelli þessa telur ráðið að afnema ætti allar atvinnutengdar þvingunaraðgerðir, að undanskildum þeim sem byggjast á öryggisástæðum.
- 6) Á grundvelli endurskoðunar ákvörðunar 2013/255/SSUÖ og ákvarðana sem teknar voru í því samhengi samþykkti ráðið hinn 27. maí 2025 ákvörðun (SSUÖ) 2025/1096, þar sem sumar þeirra þvingunaraðgerða sem settar voru fram í ákvörðun 2013/255/SSUÖ voru framlengdar til 1. júní 2026.
- 7) Vald til að koma á skránni í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 36/2012 og gera breytingar á henni ætti að vera í höndum ráðsins til þess að tryggja samræmi við gildandi aðferð við að koma á, breyta og endurskoða I. viðauka við ákvörðun 2013/255/SSUÖ.

8) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.

9) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 36/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 36/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 14. gr. kemur eftirfarandi:

„14. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem eru á skrá í II. viðauka.

2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem eru á skrá í II. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti, eða koma þeim til góða.

3. Þátttaka, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi, sem miðar að því eða hefur þau áhrif, beint eða óbeint, að þær aðgerðir er um getur í 1. og 2. mgr. séu sniðgengnar, er bönnuð.“

2) Í stað 15. gr. kemur eftirfarandi:

„15. gr.

1. Ákvæði II. viðauka skulu fela í sér eftirfarandi:

- a) Í II. viðauka skal vera skrá yfir einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir, sem ráðið hefur, í samræmi við 1. mgr. 19. gr. ákvörðunar 2011/782/SSUÖ, tilgreint sem aðila eða rekstrareiningar sem bera ábyrgð á ofbeldisfullri kúgun á óbreyttum borgurum í Sýrlandi, aðila og rekstrareiningar sem hafa notið góðs af eða stutt stjórn al-Assad forseta og einstaklinga eða lögaðila og rekstrareiningar sem tengjast þeim, og sem 21. gr. þessarar reglugerðar gildir ekki um.

1a. Skráin í II. viðauka skal einnig fela í sér einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem, í samræmi við 2. mgr. 28. gr. ákvörðunar ráðsins 2013/255/SSUÖ⁽⁵⁾, ráðið hefur tilgreint að falli í einn af eftirfarandi flokkum:

- a) leiðandi kaupsýslumenn í Sýrlandi sem tengjast fyrrverandi stjórn al-Assad forseta,
- b) meðlimir í fjölskyldum al-Assad eða Makhoul,
- c) ráðherrar í ríkisstjórn Sýrlands, við völd á tímabilinu maí 2011 til desember 2024,
- d) meðlimir í sýrlenska stjórnarhernum í stöðu ofursta og sambærilegri eða æðri stöðu á tímabilinu maí 2011 til desember 2024,
- e) meðlimir í öryggis- og leyniþjónustum Sýrlands á tímabilinu maí 2011 til desember 2024,
- f) meðlimir í hersveitum óbreyttra borgara sem störfuðu með stjórn al-Assad forseta eða
- g) aðilar að rekstrareiningum, einingum, embættum, stofnunum eða skipulagseiningum sem starfa að útbreiðslu efnavopna,

og einstaklingar eða lögaðilar og rekstrareiningar sem þeim tengjast.

1b. Aðilar, rekstrareiningar og stofnanir í þeim flokkum sem um getur í 1. mgr. a skulu ekki settir eða haldið á skrá yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir í II. viðauka ef fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um að þau séu ekki, eða séu ekki lengur, tengd fyrrverandi stjórn al-Assad forseta eða hafi ekki áhrif á hana eða af þeim stafi ekki raunverulega hættu á sniðgöngu.

2. Í II. viðauka skal tilgreina ástæður þess að viðkomandi skráðir aðilar, rekstrareiningar og stofnanir eru færð á skrá.

3. Í II. viðauka skulu einnig vera nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, ríkisfang, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningar-númer og starfsstöð.“

3) Eftirfarandi 15. gr. a er bætt við:

„15. gr. a

1. Þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. 14. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis, eins og þau eru tilgreind á þeim vefsetrum sem talin eru upp í III. viðauka, heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur þeim rekstrareiningum sem skráðar eru sem númer 42 og númer 43 í II. viðauka, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að þessir fjármunir eða efnahagslegur auður sé synlegur fyrir samstarf þessara rekstrareininga og rekstrareiningar eða stofnunar aðildarríkis á sviði byggingar, uppbyggingar á getu, hryðjuverkavarna og fólksflutninga.

2. Ef ekki liggur fyrir neikvæð ákvörðun, beiðni um upplýsingar eða tilkynning um viðbótartíma frá viðkomandi lögbæru stjórnvaldi innan fimm virkra daga frá viðtökudegi beiðni um heimild skv. 1. mgr. skal líta svo á að heimildin hafi verið veitt.

3. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. og 2. mgr. innan fjögurra vikna frá því að hún er veitt.

4. Þátttaka, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi, sem miðar að því eða hefur þau áhrif, beint eða óbeint, að þær aðgerðir er um getur í 1., 2. og 3. mgr. séu sniðgengnar, er bönnuð.“

4) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á skrá í II. viðauka og aðstandenda á framfæri einstaklinganna, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupna, leigu eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, tryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda,“.

b) Í stað i-liðar kemur eftirfarandi:

„i) eingöngu ætlaður til greiðslna, af hálfu stofnana í eigu sýrlenska ríkisins, sbr. skrá í II. viðauka, fyrir hönd Sýrlenska arabalýðveldisins til Efnavopnastofnunarinnar vegna starfsemi sem tengist eftirlitsnefnd Efnavopnastofnunarinnar og eyðingu sýrlenskra efnavopna, þ.m.t. einkum greiðslur til sérstaks vörslusjóðs Efnavopnastofnunarinnar (OPCW Special Trust Fund) vegna starfsemi sem tengist algjörrri eyðingu sýrlenskra efnavopna utan yfirráðasvæðis Sýrlenska arabalýðveldisins.“

5) Ákvæðum 1. mgr. 18. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag ákvörðunar gerðardóms, sem fyrir liggur fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í 14. gr., var færð á skrá í II. viðauka, eða andlag ákvörðunar dómstóls eða stjórnvalds innan Evrópusambandsins eða ákvörðunar dómstóls sem er aðfararhæf í viðkomandi aðildarríki fyrir eða eftir þann dag,“.

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) ákvörðunin sé ekki í þágu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í II. viðauka,“.

6) Í stað 20. gr. kemur eftirfarandi:

„20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. og að því tilskildu að greiðslu aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á skrá í II. viðauka, eigi að inna af hendi samkvæmt samningi eða samkomulagi, sem viðkomandi aðili, rekstrareining eða stofnun gerði, eða samkvæmt skuldbindingu, sem honum eða henni bar að sinna fyrir þann dag er fyrrnefndur aðili, rekstrareining eða stofnun var tilgreind, geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. vefsetrin sem eru á skrá í III. viðauka, heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, affrystingu tiltekinnna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, að því tilskildu að greiðslan berist ekki beint eða óbeint til aðila eða rekstrareiningar sem um getur í 14. gr.“

7) Í stað 20. gr. a kemur eftirfarandi:

„20. gr. a

Þrátt fyrir 14. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, eins og þau eru tilgreind í þeim vefsetrum sem talin eru upp í III. viðauka, heimilað, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, millifærslu fjármuna eða efnahagslegs auðs af hálfu aðila á fjármáلامarkaði sem er á skrá í II. viðauka, eða í gegnum hann, þegar

millifærslan tengist greiðslu einstaklings eða rekstrareiningar, sem ekki er á skrá í II. viðauka, í tengslum við að veita fjárhagsaðstoð til handa sýrlenskum ríkisborgurum, sem eru að afla sér menntunar eða starfsþjálfunar eða fast við rannsóknir á háskólastigi í Evrópusambandinu, að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki hafi gengið úr skugga um, í hverju tilviki fyrir sig, að einstaklingur eða rekstrareining, sem er á skrá í II. viðauka, veiti henni ekki viðtöku með beinum eða óbeinum hætti.“

- 8) Í stað lokaundirliðar 1. mgr. 21. gr. c kemur eftirfarandi:

„að því tilskildu að lögbært stjórnvald viðkomandi aðildarríkis hafi gengið úr skugga um, í hverju tilviki fyrir sig, að enginn aðili eða rekstrareining, sem talin eru upp í II. viðauka, muni taka við greiðslunni með beinum eða óbeinum hætti og að því tilskildu að millifærslan sé ekki að öðru leyti bönnuð með reglugerð þessari.“

- 9) Í stað a-liðar 1. mgr. 27. gr. kemur eftirfarandi:

„a) tilgreindum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru skráð í II. viðauka,“.

- 10) Í stað 27. gr. a kemur eftirfarandi:

„27. gr. a

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að ákvæði 2. gr. a, 3. gr. og 3. gr. a eru sniðgengin.“

- 11) Ákvæðum 32. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Ákveði ráðið að þær aðgerðir er um getur í 14. gr. skuli varða einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, skal það gera viðeigandi breytingar á II. viðauka.“

- b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Endurskoða skal skrána í II. viðauka með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti.“

- 12) Ákvæði 1. gr. a, 6. gr., 6. gr. a, 6. gr. b, 7. gr., 7. gr. a, 8. gr., 9. gr., 9. gr. a, 10. gr., 11. gr., 11. gr. a, 11. gr. b, 12. gr., 13. gr., 13. gr. a, 21. gr., 21. gr. a, 21. gr. b, 23. gr., 24. gr., 25. gr., 25. gr. a, 26. gr. og 26. gr. a falla brott.

- 13) Ákvæði IV. viðauka, V. viðauka a, V. viðauka b, VI., VII., VIII., X. og XI. viðauka falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. maí 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

A. SZŁAPKA

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/1096, 28.5.2025, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2025/1096/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi og niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 442/2011 (Stjtið. ESB L 16, 19.1.2012, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2012/36/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2013/255/SSUÖ frá 31. maí 2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtið. ESB L 147, 1.6.2013, bls. 14, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2013/255/oj>).

⁽⁴⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1510 frá 27. maí 2024 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtið. ESB L, 2024/1510, 28.5.2024, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2024/1510/oj>).

⁽⁵⁾ Ákvörðun ráðsins 2013/255/SSUÖ frá 31. maí 2013 um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi (Stjtið. ESB L 147, 1.6.2013, bls. 14, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2013/255/oj>).